

og 21 þús., eða sömu upphæðir og útgerðarmenn höfðu með samningi skuldbundið sig til að stríðstryggja skipsmenn fyrir. Hringdi þá forstjórinn strax til stefnanda og spurði hann, hvort útgerðin stæði að þessum líftrygginga-umsókn-um, og hvort tilætlunin væri sú að tryggja með þeim stríðsslysa-áhættu þá, sem útgerðarmenn ættu að tryggja. Kvað stefnandi svo vera, og skýrði forstjórinn honum þá frá því, að stefnda gæti ekki tekið á sig þá áhættu í sam-
bandi við líftryggingar.

Að öllu þessu athuguðu verður því að telja, að ekki hafi legið fyrir endanlegt loforð af hendi stefnda um að taka tryggingar þessar, svo og að áðurnefnt skilyrt samþykki forstjóra stefnda í þessum viðskiptum aðiljanna, hafi verið gefið í villu um raunveruleg málsatvik. Leiðir þetta allt til þess að álit réttarins, að réttarkröfur stefnanda í málinu geta ekki orðið teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, stjórn h/f Sjóvátryggingarfélags Íslands f. h. félagsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Guðjónssonar f. h. Eimskipafélagsins Ísafold h/f í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. október 1940.

Nr. 14/1938. **Guðrún Guðbjörnsdóttir**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Hallgrími Péturssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Barnsfaðernismál. — Eiður.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Jóni Steingrímssyni, sem þá var sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1938, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. janúar s. á. Hefir hún fengið gjafsókn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann. Krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, sem hún ól þann 15. marz 1936, til að greiða meðlag með því, barnfarakostnað og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði hennar. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess hins vegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir Jón sýslumaður Hallvarðsson framkvæmt viðbóttarrannsókn í málinu þann 22. marz 1938 og 18. september f. á. Loks hefir settur sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Kristján Steingrímsson háð þing í málinu þann 6. apríl þ. á. Fóru rannsóknirnar 18. september f. á. og 6. apríl þ. á. fram samkvæmt úrskurði hæstaréttar, uppkveðnum 26. maí f. á. Þá hefir og eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms farið fram rannsókn á blóði aðilja og barns áfrýjanda. Reyndist áfrýjandi að vera af aðalflokki O og undirflokk MN, barn hennar af aðalflokki O og undirflokk M og stefndi af aðalflokki A og undirflokk MN. Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki loku fyrir það skotið, að stefndi sé faðir barnsins, en blóðrannsóknin sannar ekki, að hann sé það. Við fyrstu réttarrannsókn í máli þessu, þann 8. júlí 1936, skýrði áfrýjandi svo frá, að hún hefði þrisvar haft holdlegt samræði við stefnda. Tjáði hún barnið komið

undir við samræði aðilja eitt sinn, er áfrýjandi var fenginn til að þvo þvott í Ártúni vegna fjarvista hús-freyjunnar þar, móður stefnda, í Reykjavík. Ekki kvaðst áfrýjandi við réttarrannsókn þessa muna, í hvaða mánuði þessar samfarir aðilja áttu sér stað, og ekki geta gert sér grein fyrir, hvort það var að sumarlagi eða vetrar. Við réttarrannsóknina 22. marz 1938 breytti áfrýjandi framburði sínum á þá leið, að barnið sé getið við samræði aðilja, sem fram hafi farið síðla dags að vorlagi í svefnherbergi for-eldra stefnda í Ártúni. Í samræmi við fyrri fram-burð sinn kvaðst hún þá hafa verið að þvo þvott þar á heimilinu vegna fjarvista húsfreyju, en húsráð-andi, faðir stefnda, hafi verið þar einhvers staðar úti við, þegar samræðið átti sér stað. Eftir þessar samfarir kveðst áfrýjandi ekki hafa haft tíðir. Hún fortækur, að hún hafi haft samfarir við nokkurn annan karlmann en áfrýjanda um nokkurra ára skeið. Stefndi viðurkennir að vísu, að hann hafi þrisvar haft holdlegar samfarir við áfrýjanda í her-bergi sínu í Ártúni veturinn 1934—35, en hann staðhæfir, að síðustu samfarir þeirra hafi farið fram 2. apríl 1935. Húsmóðir og mágkona áfrýj-anda, Sigríður Cýrusdóttir, Innra-Vinaminni, Hellis-sandi, sem kvödd hefir verið vættis í málinu, telur áfrýjanda hafa unnið fyrst við slátursgerð í Ártúni í október 1934. Vitni þetta minnir, að því næst hafi áfrýjandi farið að Ártúni til þvotta um mánaðamót-in marz—apríl 1935, er húsfreyjan þar var nýfarin að heiman. Loks kveður Sigríður áfrýjanda hafa unnið við þvott í Ártúni fyrri hluta júnimánaðar 1935. Fáeinum dögum síðar kveðst Sigríður hafa orðið þess vis, að áfrýjandi var lasin. Hafi hún haft höfuðverk og kastað upp. Hafi sér, þ. e. Sigríði, þá

komið til hugar, að áfrýjandi væri orðin barnshafandi, og setti því á sig tímann, er hún fyrst varð vör lasleika áfrýjanda. Faðir stefnda hefir borið fyrir dómi, að áfrýjandi hafi um mánaðamótin maí og júní 1935 þvegið þvott í Ártúni. Hafi húsfreyjan í Ártúni þá verið fjarverandi, en stefndi dvaldist þá heima.

Héraðslæknirinn í Ólafsvík, sem fenginn hefir verið samkvæmt úrskurði hæstaréttar 26. maí f. á. til að athuga sálarþroska og andlega heilsu áfrýjanda, kveður hana andlega heila, en í löku meðal-lagi að greind og mjög fáfróða. Hefir læknirinn staðfest þessa skýrslu sína fyrir dómi. Hins vegar hefir sýslumaður sá, sem skipar dómarsess í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ekki látið uppi álit sitt um vitsmunabroska áfrýjanda, þótt honum hafi verið í lófa lagið að kynna sér hann með viðtali við hana.

Eins og áður segir, er viðurkennt af stefnda, að aðiljar hafi komið saman að holdsmunuð nokkru fyrir getnaðartíma barns áfrýjanda. Þá er það og leitt í ljós, að áfrýjandi var stödd í Ártúni á þeim tíma, er barnið gat verið getið. Þrátt fyrir þessar líkur fyrir málstað áfrýjanda, þykir viðsjált að veita henni sönnunareið í málinu sökum þess, að hún gat ekki tilgreint samfaratíma aðiljanna við réttarrannsóknina 8. júlí 1936, þegar aðdragandi barnsgetnaðarins átti enn að vera henni sérstaklega minnisstæður. Samkvæmt þessu verður að láta úrslit málsins velta á eiði stefnda, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936, þannig að hann skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, ef hann synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft

holdlegt samræði við áfrýjanda frá og með 8. maí til og með 17. júlí 1935. En fallist stefndi á eiðnum skal hann talinn faðir barns þess, Viðars Breiðfjörðs, sem áfrýjandi ól þann 15. marz 1936, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður, en málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að réttarrannsókn sú í máli þessu, er Jón sýslumaður Steingrímsson framkvæmdi, áður dómur gengi í héraði, er hraflkennd. Aðalrannsókn málsins fór ekki fram, fyrr en eftir að málinu hafði verið áfrýjað til hæstaréttar. Dráttur sá, sem orðið hefir á málinu fyrir hæstarétti, er réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefndi, Hallgrímur Pétursson, synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lög-mæltu varnarþingi innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegt samræði við áfrýjanda, Guðrúnu Guðbjörnsdóttur, á tímabilinu frá og með 8. maí til og með 17. júlí 1935, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í málinu.

En fallist stefndi á eiðnum, þá skal hann talinn faðir barnsins Viðars Breiðfjörðs, er áfrýjandi ól þann 15. marz 1936, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og

styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
26. jan. 1937.**

Hinn 15. marz 1936 ól stúlkan Guðrún Guðbjörnsdóttir á Sandi sveinbarn, er skirt var Viðar Breiðfjörð. Með bréfi dags. 9. maí f. á. lýsti hún Hallgrím Pétursson á Sandi föður að barninu og óskaði, að höfðað yrði barnsfaðernismál gegn honum, ef hann eigi gengist við faðerninu.

Fyrir réttinum gaf kærandinn þá skýrslu, að hún hefði þrisvar sinnum haft samfarir við Hallgrím Pétursson á herbergi hans í húsinu Ártún á Sandi. Hins vegar kveðst hún ekki muna, hve nær samfarir þeirra áttu sér stað og getur ekki einu sinni fullyrt um, hvort þær hafi átt sér stað að sumar- eða vetrarlagi. Loks kveðst hún viss um, að barn það, er hún ól 15. marz 1936, sé ávöxtur samfara hennar og Hallgríms, því hún hafi ekki haft samfarir við neinn annan mann á þeim tíma, er barnið geti verið komið undir á.

Kærður hefir fyrir réttinum viðurkennt, að hann hafi haft þrisvar samfarir við kærandann á herbergi sínu í húsinu Ártúni á Sandi veturinn 1934—35. Hins vegar fullyrðir hann, að síðustu samfarir þeirra hafi átt sér stað 2. apríl 1935. Gerir hann kröfu til þess, að hann sé sýknaður í málinu, en til vara, að honum verði tildæmdur synjunareiður.

Samkvæmt vottorði ljósmóður var barn það, er kærandinn ól 15. marz 1936, fullburða.

Rétturinn verður að lita svo á, að engar sannanir séu framkomnar fyrir því, á hvaða tíma samfarir kæranda og kærðs hafi átt sér stað. Verða úrslit málsins því að vera komin undir eiði annarshvors aðilja. Nú hefir kærandi alls engar upplýsingar getað gefið um það, á hvaða tíma samfarirnar hafi átt sér stað, enda virðist henni svo vitsmunavant, að efasamt sé, hvort hún sé eiðhæf, og verða því úrslit máls þessa að vera komin undir synjunareiði kærða, þannig að vinni hann, eftir löglegan undirbúning, eið að því á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki haft samfarir við kæranda á tímabilinu frá 6. maí til 17. júlí 1935, þá skal hann vera sýkn af öllum kröfum hennar í málinu. Verði honum hins vegar eiðfall, skal hann talinn faðir að barni því, er kærandinn ól 15. marz 1936, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með því og barnsfarakostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Eiðfrestur þykir hæfilega ákveðinn 3 mán. frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Ef kærður, Hallgrímur Pétursson í Ártúni á Sandi, innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki haft samfarir við kærandann, Guðrúnu Guðbjörnsdóttur á Sandi, á tímabilinu frá 6. maí til 17. júlí 1935, þá skal hann vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu.

Verði kærðum hins vegar eiðfall, skal hann talinn faðir að barni því, er kærandinn ól 15. marz 1936, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með því og barnsfarakostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.